

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1981.

1. V E D U R F A R A R S I N S.

1. 1. Tíðarfarsyfirlit.

I janúar var breytileg átt, en suðlæg átt var þó tíðust að tiltölu.

Hitastig var talsvert neðan við meðallag.

Hámark hita mældist 8.9 stig, lágmark -21.7 stig 16. s. m. Meðalsnjóddýpt var 39 cm.

I febrúar var tíðarfarið kalt, suðlæg átt tíðust.

Hámark hita mældist 7.1 stig 26. febrúar, lágmark -19.2 stig 27. s. m. Meðalsnjóddýpt var 38. cm.

I marz var breytileg átt en norðlæg og þá einkum norðaustlæg átt var tíðust að tiltölu.

Hámark hita mældist 6. 6 stig 31. marz, lágmark -13.3 stig 21. s. m. Meðalsnjóddýpt mældist 65 cm.

Þann 23. marz féllu snjóflóð skammt frá Þverá og Veisuseli.

I apríl var suðlæg átt tíðust og var hitastig ofan við meðallag.

Hámark hita mældist 13.9 stig 18. apríl, lágmark -12.2 stig 30. s. m.

Snjólfíð var orðið um miðjan mánuðinn og var meðalsnjóddýptin 18 cm.

I maí var breytileg átt, en norðlæg átt var tíðust að tiltölu. Hitastig var undir meðallagi og fór gróðri hægt fram.

Þann 16. maí var lerki farið að litkast og brum á birki byrjað að þrútna.

Hámark hita mældist 14.4 stig 19. maí, lágmark -10.3 stig 9. s. m.

Snjóddýpt var aðeins mæld fimm sinnum í mánuðinum.

I júní var norðlæg átt einna tíðust. Hitastig var neðan við meðallag og fór gróðri afar hægt fram. Það var ekki fyrr en um miðjan júní að birkiskógurinn var grænn yfir að lífta.

Hámark hita mældist 19.2 stig 26. júní, lágmark -3.6 stig 1. s. m.

Frost mældist átta sinnum í mælaskýli, en lillsinn- um á lágmarksmæli við jörð.

I júlí var norðlæg átt tíðust og hitastig neðan við meðallag.

Hámark hita mældist 23.7 stig 24. júlí, lágmark 0.5 stig 22. s. m.

Frost mældist þrisvar sinnum á lágmarksmæli við jörð, mest -1.1 stig 22. júlí.

I ágúst var suðlæg og suðaustlæg átt tíðust að til- tölu. Hiti var ofan við meðallag. Úrkomulítið.

Hámark hita mældist 19.3 stig 26. ágúst, lágmark -1.4 stig 20. s. m.

Frost mældist þrisvar á lágmarksmæli v/ jörð, mest -3.6 stig 20. ágúst.

I september var einkum norðlæg eða norðaustlæg átt og hiti neðan við meðallag, mjög mikil úrkoma.

Hámark hita mældist 14.8 stig 3. september, lágmark -6.3 stig 29. s. m.

Frost mældist níu sinnum á lágmarksmæli v/ jörð, mest -7.3 stig 29. sept.

Mesta úrkoma mældist 37.6 mm 11. sept, lauffall byrjaði 17. s. m. og þá var alaskalerki orðið alveg gult.

Í október ríkti norðlæg átt og var hitastig langt neðan við meðallag.

Hámark hita mældist 9.0 stig 22. október, lágmark -11.9 stig 16. s. m. Meðalsnjóddýpt var 53 cm., mesta snjóddýpt var 78 cm. Mest úrkoma mældist 7. okt. 19.5 mm.

Þann 4. október var birkiskógurinn laufflitill, en mikið féll af laufi í hvassviðri 20. okt.

Það byrjaði að snjóa strax 1. október og voru mikil snjó- lög allan mánuðinn.

Haustverk öll fóru í handspolum meira og minna og bændur urðu fyrir miklu tjónivegna þess að ekki var búið að ná upp garðávöxtum þegar vetur gekk í garð.

I nóvember var breytileg átt en suðlæg og suðaustlæg átt var þó tíðust.

Hámark hita mældist 10.6 stig 7. nóvember, lágmark -19.55 19. s. m. Meðalsnjóddýpt var 49 cm.

I desember var breytileg átt en norðlæg átt þó tíðust. Hámark hita mældist 11.1 stig 2. desember, lágmark -19.8 stig 22. s. m. Meðalsnjóddýpt var 65 cm.

1. 2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 1981.

	<u>Meðalhiti C°</u>		<u>Úrkoma mm.</u>	
Janúar	-5.8	(-3.9)	68.9	(76.6)
Febrúar	-5.1	(-1.7)	30.8	(33.9)
Mars	-3.8	(-0.9)	167.0	(27.3)
Apríl	2.4	(2.5)	25.0	(26.9)
Mai	4.2	(6.8)	17.5	(27.0)
Júní	7.3	(9.0)	11.9	(78.0)
Júlí	9.3	(10.8)	38.0	(27.2)
Agúst	10.3	(9.4)	51.4	(62.3)
September	5.1	(5.6)	117.9	(37.7)
Október	-1.8	(-1.8)	166.2	(78.7)
Nóvember	-3.1	(-1.6)	79.8	(69.3)
Desember	-4.7	(-5.8)	161.5	(61.6)
<u>Arið</u>	<u>1.2</u>	<u>(2.4)</u>	<u>935.9</u>	<u>(606.5)</u>

Tölurnar í svigum sýna hita og úrkomu 1980.

1. 3. Meðalhiti júní- september var 8.0 stig.

2. V Ö X T U R O G P R I F T R J A G R Ö D U R S.

2. 1. Laufgun og lauffall birkis.

Þann 16. maí var lerkið að byrja að grænka og brum á birki farið að þrútna. Um miðjan júní var birkiskógurinn loks grænn yfir að líta.

Þann 23. ágúst var skógurinn líftillega byrjaður að sölna og í lok mánaðarins eru haustlitir farnir að sjást á skóginum.

Um miðjan september var skógurinn dálftið farinn að gulna og lauffall byrjað þann 17. s. m.

Þann 19. september var alaskalerkið alveg orðið gult.

Þann 4. október var skógurinn heldur laufflitill en mikið lauf féll af skóginum í hvassviðri 20. október.

Athygli vakti hve seint lauf féll af trjágróðri s. l. haust. Birki var ekki alveg laufflæmt fyrr en síðla í nóvember og alaskaösp og reyniviður fyrr en komið var fram í desember og reyndar varla að allt lauf sé fallið þegar þetta er ritað.

2. 2. Vöxtur.

Vöxtur á barrtrjám var vel í meðallagi, þrátt fyrir það hve seint voraði, eðna gott sumar sem leið.

A öðrum trjátegundum var vöxtur lakari.

2. 3. Fræfall.

Lítið var af könglum á barrtrjám og það litla sem af þeim var, reyndust ekki vera með þroskað fræ.

Talsvert var hinsvegar af birkifræi og var safnað um 20 kg. hér í skóginum og um 3 kg. á Vöglum á Þelamörk.

Fræið var sent að Mógilsá.

2. 4. Skaðar á trjám.

Engar teljandi skemmdir sáust á trjágróðri, af völdum veðráttu.

EKKI er þó enn séð hvaða áhrif hið óvenju seina lauffall s. l. haust, hefur á trjágróðurinn.

Lús á staðafuru virðist aukast og fannst mér það sérlega áberandi bæði á Sandhaugum og á Sigríðarstaðaskógi.

3. STARFSFÓLK.

Engar verulegar breytingar urðu á starfsfólki, nema að Arni Ólason, sem annast hafði tjaldvörzlu frá upphafi, lét af störfum og við tók Leifur Ebenezeron úr Kópavogi.

Flest var starfsfólkið 22 á launaskfá í júní.

I áætlun skógræktarstjóra fyrir áfið 1981 var gert ráð fyrir að fækka vinnustundum um 25% frá árinu áður. Það tókst ekki, enda er starfsfólk hér alltaf of fátt.

Ef draga á saman starfsemina, sé ég ekki annað en leggja verði niður ákveðna þætti hennar.

Mér virðist launagreiðslu og launatengd gjöld, ásamt akstri (laun skógarv. meðtalin) vera kr. 1.053.600.-

4. GIRÐINGAR.

4. 1 Viðhald.

Viðhaldskostnaður girðinga eykst stöðugt, enda fjölgar þeim og aðrar ganga úr sér og þurfa því mikið viðhald ef ekki er hægt að girða upp að nýju.

Viðhaldskostnaður með launat. gjöldum varð kr. ^{23.579.-} ~~22.580.-~~
Umsjón og þarf með smölun varð kr. 12.180.00.

I Vaglagirðinguna var bætt 80 staurum 6 f. fúav. og 35 staurum 5 f. 8fúav. Snjóflóð fór á girðinguna á tveim stöðum sunnan Vagla og fór í þá viðgerð m. a. 1 vírnet.

I Sandhaugagirðingu var bætt 20 staurum 6. f. fúav.

I Þórðarstaðagirðingu var bætt 60 staurum 6 f. fúav. og 30 jærnstaurum.

I Sigríðarstaðagirðingu var bætt 20 staurum 6 fet, fúav.

I Melaqirðingu var bætt 15 staurum 6 f. fúav.

I Kristnesgirðingu var bætt 40 staurum 6 f. fúav.

Girðinguna þarf að girða upp að verulegu leiti.

Kostnaður við umsjón og smölun girðinga eykst stöðugt og einhver brögð eru að því tónarollur séu fluttar í skógræktargirðingar.

4. 2. Nýjar girðingar.

Girt var 2.100 m. ný girðing að Vöglum á Þelamörk, þ. e. á merkjum að sunnan og þaðan norður í Krossastaðá. Ekki var girt niður með ánni, heldur gerð tilraun með það hvort girðing Krossastaðabónða og áin væru næg vörn. Krossastaðabóndi hefur tekið að sér eftirlit með girðingunni.

Í kostnaði við girðinguna er einnig vinna við lagfæringar á þeim girðingum sem fyrir voru, við að taka upp gömlu girðinguna að austan og norðan og við að hreina upp gamlar og ónýtar girðingar kring um tún og víðar.

Vinnulaun með launat.gjöldum var kr. 32.598þoo.

Verkstjóri við girðingafrámkvæmdir og viðhald girðinga var Jóhannes Gíslason.

Efni í girðinguna:

21 rl. vírnet,
41 rl. gaddavír,
8 st. hornstaurar, (símast.)
355 - birkistaurar, 6 f. fúav.
210 - rekaviðarst. 6 - "
2 rl. sigavír
2 st. hliðgrindur ásamt hliðstaurum.
bindivír og lykkjur, sement.

Birgðir af girðingarefni í árslok:

16 rl. vírnet,
25 - gaddavír
3 - sigavír
1 1/2 bindivír
70 st. járnstaurar
120 - rekaviðarst.

5. SKÓGARHÖGG.

5. 1. Viður.

Skógarhöggið var mest í Vaglaskógi, en um 1/3 hl. viðarmagnsins kom úr Lautaskógi. Í janúar og febrúar voru höggvin 50 tonn víðar fyrir Niðursuðuverksmiðgi K. Jónsson & Co á Akureyri.

I Vaglaskógi var grisjað í reitum 312, 313, 318 og 325. Ennfremur var höggvið talsvert af toppfónum trjám víða í skóginum.

I Lautaskógi var aðallega höggvið neðan vegar í ytri hlutanum.

I Kristnesi var lérki grisjað og snyrt.

I Grundarreit var einnig unnið að snyrtingu.

Tekjur af skógarafurðum:

Staurar.....	kr. 20.264.-
Efniviður.....	- 16.964.-
Reykviður.....	- 82.456.-
Arinnviður.....	- 11.433.-
Plattar.....	- <u>14.562.-</u>

Samtals kr.145.699.- (m/ millif.)

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1981.

	<u>Staurar</u> <u>5 fet</u>	<u>Staurar</u> <u>6 fet</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Ymisl.</u> <u>tonn</u>	<u>Samtals</u> <u>krónur.</u>
Sala 1981	80	658	7.00	128.18	1.00	145.679.-
S. r. Vöglum	35	590		4.00		19.445.-
Birgðir, Vöglum	<u>910</u>	<u>2050</u>	<u>7.00</u>	<u>6.00</u>		<u>72.680.-</u>
	1025	3298	14.00	138.18		237.804.-
Birgðir 1980	<u>510</u>	<u>1800</u>	<u>6.00</u>			<u>33.003.-</u>
Högg 1981	<u>515</u>	<u>1498</u>	<u>8.00</u>	<u>138.18</u>		<u>204.801.-</u>
Tonn	<u>2.58</u>	<u>11.82</u>	<u>8.00</u>	<u>138.18</u>	<u>1.00</u>	<u>161.58</u>

Seld voru um 4.000 pílaefni til Armanns Þorgrímssonar, Akureyri.

Laun og launatengd gjöld vegna skógarhöggs voru kr. 188.730.-

5. 2. Jólatré.

Alls voru felld 750 tré, 26. okt. - 20. des.
Vegna snjðalaga virtist á tímabili að erfitt yrði
að ná trjánnum, en úr því réttist betur en á horfðist,
þó seinlegt væri það.

Tréin voru tekin á þessum stöðum:

	<u>Rauðgreni</u>	<u>Stafaf.</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Samtals.</u>
Vaglir	97	25		122
Lautaskógur	50	10		60
Þórðarstaðaskógur	130			130
Sandhaugar	20	20		40
Felliskógur	300		60	360
Kristnes	8			8
Vaglir, þelamörk	<u>30</u>			<u>30</u>
Samtals	<u>635</u>	<u>55</u>	<u>60</u>	<u>750</u>

Seld voru 721 tré, þar af 1 aðkeypt, 15 tré fóru til
starfsmanna o. fl. og 15 tré voru gölluð eða seldust ekki.
Tréin skiptust þannig eftir stærð:

<u>Stærð</u>	<u>Rauðgreni</u>	<u>Stafafura</u>	<u>Fjallab.</u>	<u>Samtalsþ</u>
70-100	28	12	5	45
101-125	171	13	16	200
126-150	191	15	18	224
151-175	135	9	10	154
176-200	56		1	57
201-250	28			28
251-300	4			4
301-400	4			4
401-500	2			2
501-600	1			1
601-700	<u>2</u>			<u>2</u> x)
Samtals	<u>622</u>	<u>49</u>	<u>50</u>	<u>720</u>

x) 1 aðkeypt tré.

Farnar voru sölufærðir á sömu staði og áður, þ. e.
Ólafsfjörð, Dalvík, Húsavík og Mývatnssveit.

Tekjur skiptust þannig:

	<u>Sala</u>	<u>Aðkeypt</u>	<u>Mism.</u>
Jólatré	131.186.-	2.960.-	128.226.-
Innfl.greinar-Köngl.	54.956.-	37.151.-	17.805.-
Ísl. greinar	<u>9.568.-</u>	<u> </u>	<u>9.568.-</u>
Samtals	<u>195.710.-</u>	<u>40.111.-</u>	<u>155.599.-</u>

6. GRÖÐRARSTÖÐ.

6. 1. Fræplöntur.

Sáning hófst 20. maí og lauk 27. s. m. Sáð var 3.34 kg. af fræi í 335.5 m².

Sáningin tókst nokkuð vel, helzt var þó að birkið væri ekki eins vel heppnað og venjulega.

6. 2. Dreifsetning.

Dreifsetning hófst 25. maí og lauk 19. júní.

Dreifsettar voru 128.960 plöntur, auk þess sem stungið var 47.700 græðlingum.

Vafið í móband haustið 1981 róslega 55.000 plöntum.

Seldar og afhentar voru 32.220 dreifsetningarplöntur.

Til dreifsetningar eru áætlaðar næsta vor 212.000 plöntur, en í þeirri áætlun eru þær plöntur sem fóru í móband s. l. haust.

6. 3. Garðplöntur.

Garðplöntur voru seldar fyrir kr. 368.693.-, skjólbeltaplöntur fyrir kr. 28.074.- og millifærslur (Lauða-
brékka og Hallormsst.) kr. 31.928.-, samtals kr. 428.695.-

Verðmæti plantna frá Hallormsstað liggur ekki fyrir.

Afhentar voru alls 33.039 garð- og skjólbeltaplöntur.

Áætlun afhending 1982 er 46.395 plöntur.

Færbar voru sölufærðir til Hósavíkur, Dalvíkur, Ólafs-
fjarðar og Siglufjarðar. Ennfremur fluttar plöntur til
Blönduós og einnig til Hvammstanga, sem nú bætist við.

Þegar allt fór á kaf í snjó í byrjun október, var að mestu eftir að ganga frá garðplöntum, svo að búast má við
talsverðum afföllum frá áætlun.

6. 4. Afhending skógarplantna.

Afhentar voru 90.414 plöntur. Var það mjög nálægt því sem áætlað var.

Áætlað er til afhendingar næsta vor og sumar 145.150 plöntur, þar af 41.450 plöntur í móbandi.

Snjókomun í byrjun október kom í veg fyrir alla upp-töku á plöntum s. l. haust.

6. 5. Illgresiseyðing.

Aðallega unnu tvær stólkur við hreinsunina.

Roundup var notað í götur og auð svæði, en varlega þarf að fara með það efni.

6. 6. Nýframkvæmdir.

Í kjallara á skemmu var gerð plöntugeymsla, þ. e. kæligeymsla og frystir. Verður vikið nánar að þeim framkvæmdum í þættinum um byggingar.

Með þessu skapast gjörbreytt aðsæða til geymslu plantna og ætti að verða um umtalsverða hagræðingu að ræða.

Loks má geta þess að keypt vöru rör í boga fyrir varanlegt gróðurhús, svo og efni í langbönd. Áætluð stærð 200 m².

6. 7. Ýmislegt.

Tíðarferið í október er efst í huga. Það kyngdi niður miklum snjó í byrjun mánaðarins áður en búið var að ná plastinu af gróðurhúsunum. Flest haustverk og undirbúningur fyrir næsta vor féllu því niður.

Bogar í einu gróðurhúsinu brotnuðu undan snjóþunganum og plast skemmdist á mörgum þeirra.

Var unnið marga daga við að moka snjó af húsunum og ná plastinu af þeim.

6. 8. Sala og afhending.

Verðmæti seldra og afhentra trjáplantna:

Seldar garð- og skjólbeltapl.	396.767.-
Afhentar "	31.928.-
Seldar skógarplöntur	124.375.-
Afhentar "	79.179.-

Samtals 632.249.-

6. 9. Kostnaður.

Vinnulaun og launatengd gjöld 1981:

Verkstjórn.....	kr. 36.666--
Ræktun skógarplantna -	82.085.-
Hreinsun skógarpl... -	13.700.-
Ræktun garðplantna.. -	129.657.-
Jarðabætur.....	4.423.-
Vetrarumbúnaður.....	2.962.-
Jarðefnav.....	1.733.-
Afgreiðsla.....	4.137.-
Umhverfi.....	<u>11.916.-</u>
Samtals	<u>287.219.-</u>

7. GRÖÐURSETNING.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir</u>	<u>Aldur</u>	<u>Kvæmi</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Rússalerki	1/1	Modo C 018	325	3.520
"	"	1/1	Modo C 018	214	2.300
"	"	2/1	Guðrl.B 994	210	<u>200</u>
					6.020
Fellsskógur	Blágreni	2/5	Highw.S.825		<u>1.300</u>
Melaskógur	Rússalerki	1/1	Modo C 018		<u>5.720</u>
"	"	1/2	" B 929		1.200
"	Stafafura	1/p	Skagw C 044		<u>1.100</u>
					8.020
Kristnes	Rússaleeki	1/1	Modo C 018		<u>1.500</u>
Vaglir, Þelamörk	"	1/1	" "		<u>3.575</u>
"	Stafafura	2/2	Skagw.B 935		<u>200</u>
"	"	1/p	" C 044		<u>10.340</u>
					13.990
Öxnafell	Birki	2/2	Senja		390
"	"	2/2	Passvik		350
"	Rússaleeki	1/1	Modo C 018		440
"	Sitkagreni	2/2	Hall. B 902		10
"	Elri				<u>20</u>
					<u>1.210</u>
Samtals					<u>32.040</u>

Gróðursetning hófst 15. júní og lauk 29. s. m. Svo var aftur hafist handa 24. júlí og lokið gróðursetningu 5. ágúst. Þá var aðallega gróðursett stafafura frá Grundarhóli, en einnig 2.300 lerki.

Gróðursettar voru 32.000 plöntur og var kostnaður við gróðursetninguna, þ. e. vinnulaun, akstur og launatengd gjöld, kr. 1.00 á plöntu.

I Fellekkógi var blágreið gróðursett neðan vegar meðfram fljótinu. Á Vöglum var lerkið sett syðst í girðinguna, en stafafuran norðan við gömlu girðinguna.

A Öxnafellu var hluti af lerkinu gróðursett alltof þétt í upphafi. Nú voru færðar út 50 plöntur með hnaus, en auðvitað var það aðeins lítið brot af því sem fara þurfti.

Tilraunastjóri gróðursetti hér alaskalerki í reit 209 og ýmis kvæmi af stafafuru í reit 203. Fleira liggur hér ekki fyrir um þá hluti.

8. H I R D I N G P L A N T N A.

I Fellekkógi var borið á 400 kg. af tilbúnum áburði.

I Vaglaskógi var unnið að því að snyrta lerki í reitum nr. 307, 309 og 316.

I Kristnesi var einnig unnið að því að snyrta leskið þar, svo sem áður er getið og léiðangur gerður að Grund til þess að laga til í reitnum þar.

Þá var farið að Öxnafellu og lerkið þar snyrt.

Þessi þáttur hefur verið mjög vanræktur, alltaf sætið á hakanum, máertil mikillar raunar.

9. B Y G G I N G A R.

9. 1. Viðhald.

A, Þórðarstöðum var eldhúsið, sem var í kjallaranum fært upp á hæðina. Keypt var ný eldhúsinnrétting, komið fyrir viftu og gerðar aðrar nauðsynlegar umbætur á því. ~~Gróður~~ Húllareinangrun var sett á loft í gamla hluta hússins, auk þess var þak og gluggar hússins málað.

Kostnaður við þessar framkvæmdir var kr. 24.258.-, efni o. fl., laun og launatgjöld kr. 10.804.-, allt greitt af Skógrækt ríkisins.

Abúandi sá sjálfur um og kostaði lagfæringar á stofum og svefnherbergi, uppi.

A Vöglum II bætt glerullareinangrun á loft, nema í stofu, en búið er að kaupa efni til þess. Kostnaður kr. 6þ810.-

Ennfremur þr búið að kaupa glerullareinangrun til þess að bæta einangrun á lofti í starfsmannabústað, kostnaður kr. 6.349.00.

Einnögg er búið að kaupa einangrunarefni, glerull, og þilplötur vegna fyrirhugaðra breytinga á Vöglum I, á gamla fjósinu þar í geymslu.

Loks er búið ^{at kaupa} staðklæðningu og 2" plasteinangrun á hésið í Ásyrgi, kostn. kr. 15.369.00.

9. 2. Nývirki.

Í kjallara skemmunar varðgerð plöntugeymsla og líftill matvælafrystir.

Stærð plöntu-frystigeymslu	30.75 m ³
" " kæligeymslu..	24.90 -
" matvælafrystigeymslu	2.20 -

Vinna við einangrun og innréttingar var unnin af starfsmönnum stofnunarinnar.

Asfalt var borið á alla steypta fletti. Frystigeymslur voru einangraðar með 8" plasti, en kæligeymsla með 4" plasti. Síðan var klætt að innan með mótakrossvið.

Settar hafa verið upp hillur af Dexion gerð frá Landssmiðjunni.

Vélsmiðjan Oddi á Akureyri sá um að panta kæli-og frystivélar og sá um að koma þeim fyrir.

Norðurljós á Akureyri sá um raflagnir.

Efni, vélar og verkstaðisvinna kr. 130.348.-

Vinnulaun og launat.gjöld..... - 25.211.-

Þess skal getið að keypt var efni, 2" galv. rör og timbur í langbönd í 200 m² gróðurhúsi, sem gert er ráð fyrir að smíða hér í vetur. Efniskaup kr. 14.831.00

Að lokum má geta að raflögnum var breytt þannig að nú eru keypt 18 kw. til allra nota hér, þ. e. fyrir skemmu, starfsmannabústað og Vagli II. Etti það að koma mun betur út kostnaðarlega séð.

10. V E L A R O G V E R K F Æ R I.

Keypt var Perkins dieselvél í bifreiðina Þ. 4098. Kaupverð ásamt kúplingshúsi kr. 35.680.00.

Keypt var ein ný Jobu-keðjusög.

Keypt var ný viðarkleyf, sem tengd er við dráttarvél. Er olfuprýstingur frá vélinni drifkraftur við klofninginn.

Sög og sambyggð viðarklayf, fyrir þráttarvél, var sent að Hvammi í Skorradal og þrír þriggja fasa rafmótorar, sem ekki var hægt að nota hér, voru sendir að Hallormsstað. Þessa er sérstaklega getið hér, vegna þess að tæki þessi voru ekki millifærð sérstaklega.

11. Y M I S L E G T.

11. 1. Ferðalög og fundahöld.

Sat aðalfund og stjórnarfundir Skógræktarfélagss. - Þingeyinga, svo og aðalfund Skógræktarfélagss. Islands að Egilsstöðum.

Flutti erindi um tjjárækt og sýndi myndir hjá Kvenfélagi Húsavíkur í aðfl.

Ferðaðist um með þórnarni Benedikz vegna skjólbelta ræktunar hér í sýslu. Hér voru gerð fimm ný belti.

Farnar voru margar ferðir vegna eftirlits og þá sérstaklega að Vöglum á Þelamörk v/ girðingar og gróðursetningar þar, ennfremur að Kristnesi, Grund og Öxnafelli og víðar.

Tvær ferðir í Fremstafell vegna fyrirhugaðrar girðingar um skóginn þar.

11. 2 Ferðafólk.

Ferðafólki með tjöld fjölgaði frá f. ári, hinsvegar fækkaði hjólhúsum.

Tekjur af hjólhúsum voru kr. 22.018.00, en tekjur af tjaldstöðum kr. 28.380.00, samtals kr. 50.398.00.

Laun og launatengd gjöld voru kr. 26.312.00, annar kostnaður kr. 5.582.00, samtals kr. 31.894.00.

Þann 1. ágúst voru hér í skóginum ca. 130 tjöld, 2. ágúst ca. 187 tjöld og 3. ágúst ca. 145 tjöld (verzlunarmannahelgin).

Umgengni var yfirleitt góð og sérstaklega má geta þess að um verzlunarmannahelgina var umgengni og framkoma fólks mjög fyrirmyndar.

11. 3. Annað.

Vegna þess hve líftill áhugi starfsmanna skógræktar ríkisins, var á því að dvelja í Skógarseli s. l. sumar, var húsið leigt félagi verzlunar og skrifstofufólks á Akureyri.

vVöglum 2. marz 1982.

[Handwritten signature]